

Riss frá Rómaborg

Skandinavíski félagsskapurinn í Rómaborg „Circolo Scandinavo“, á sér langa sögu, enda ekki nema eðlilegt, að slíkir héldu hópinn í borginni eilífu, en formlega mun félagið ekki hafa verið stofnað, fyrr en um þær mundir er það komst í eigið húsnæði árið 1860. — Allar leiðir norrænna myndlistarmanna lágu til Rómar allt frá byrjun 19. aldar og var ótrúlegt, hvað sumir lögðu á sig til að komast þangað og dvelja þar, — þeir áttu sér þar yndislega nýlendu mettaða rómantík og svipmikilli sögu fortíðarinnar allt um kring. Lengi nutu þeir góðs af orðstír Thorvaldsens, einnig löngu eftir að hann var fluttur til Danmerkur (1838) — en allt slíkt er þó furðufljótt að gleymast.

Þeir Skandinavir er dvöldu í Róm voru stórum fleiri er

lítið varð úr, — átu e.t.v. yfir sig af rómantikinni. En það var skiljanlega ekkert vegabréf á eilífðina að hafa dvalist í „borginni eilífu“, en myndir, er gerðar voru á þessum árum í Róm, sýna, að líf þeirra hefur verið gætt miklum hátíð- og virðuleikabrag. Auðvitað gerðu myndlistarmenn tækifærisriss hver af öðrum og hefur varðveitt mikið safn slíkra mynda.

Í FÍM-salnum að Lauganesvegi 112 stendur nú einmitt yfir sýning á allmörgum slíkum teikningum, og mun þetta vera hluti af stærri farandsýningu, — er gengið hefur um Norðurlönd. Auk þess eru sýndar ljósmyndir frá húsakynnum „Circolo Scandinavo“ á Via Condotti í Róm, og af ýmsu þekktu fólki, er komið hefur við sögu, einkum fyrr á árum,



ásamt bókum, skjölum og handritum.

— Ég álit, að þótt fróðir menn hafi ánægju af sýningu

og einnig undirritaður sem er þessu allkunnugur, eigi hún lítið erindi hingað í þessu formi — og verra er þó,

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

að bókstaflega ekkert hefur verið gert til að gera hana forvitnilegri fyrir almenning. Kringum þessa sýningu ríkir slík svefnganga, að til ólíkinda telst, enda mun aðsóknin svo gott sem engin. Til úrbóta hefði hér verið að bæta við ljósmyndum af málverkum, er Skandinavir gerðu á þessum tímum, sem mörg eru bráðskemmtileg, og t.d. af vinnustofu Thorvaldsens — flétta einhverju inn í hana, sem okkur kemur við og gerði hana forvitnilegri. Í formi sínu er hún einungis fyrir innanfélagsmenn til kynningar á starfsemi Skandinaviska félagsins auk nokkurra áhugamanna — en sem slík ætti hún frekar heima í Bogasal innan um aðra forngrípi. Sízt vil ég þó letja einn eða neinn til að

Smámunir Magnúsar Tómassonar

Í glerskápum, er afmarka veitingastofuna að Kjarvalsstöðum, hafa að undanförunni verið til sýnis margvíslega formaðir smáhlutir eða „objects“, eins og það heitir á alþjóðamáli, eftir Magnús Tómasson myndlistarmann.


Það er vel til fallið hjá aðstandendum Kjarvalsstaða að kynna ýmsa hluti, er vel teljast gerðir í list- og listiðnaði í nefndum glerskápum og minnst ég þar margra skemmtilegra smásýninga. Eftirminnileg var kynningarsýning á grafískum bókum, er þar stóð á undan núverandi sýningu og hefði verðskuldað, að henni væru gerð rækileg skil hér í blaðinu, því að ekki er til hliðstæða slíkrar starfsemi meðal bókabjódarinnar.

Rekja má sögu þessa tiltekis að tengja hluti ýmsum óvæntum hugdettum til „Dada-ista“, en þeir voru upphafsmenn fjölmargs, er mjög hefur sótt á myndlistarmenn

um árabíl, en hefur þróast og aðgreinst í ótal ólíkar listastefnur. Margt óvænt hefur séð dagsins ljós við þessar endurvöktu tilraunir, en miklu oftast eru þetta endur-



tekningar, sem komast í tísku og fara sem eldur í sinu til ólíkustu landshorna. Grannt skoðað þá munu Dadaistarnir naumast hafa verið fyrstir til



að tengja hluti „absúrd“-hugmyndum, — kúvenda upprunalegri hugmynd, — neyða skoðandann til að uppgötva hlutinn sem form, en ekki horfa einungis á hann og hugsa um hann útrá nota-gildi hans. En þeir voru fyrstir til að byggja þetta upp sem gilda listastefnu og helga líf sitt nýjum uppgötvunum á því sviði.

Þegar Marchel Duchamp sneri við ýmsum hlutum með ákveðið notagildi gerði hann það í andfagurfræðilegum tilgangi og mun honum sjálfum aldrei hafa dottið í hug, að þetta ætti einhvern tíma eftir að teljast gild list- og það með drjúgu fagurfræðilegu gildi! Duchamp, sem var frábær málari, var eiginlega að hafa endaskipti á hlutum — tilbúnum hlutum og þar með svipta vanahulunni af þeim. — Hann var ekki að reyna að búa til frumlega hluti né finna upp eitthvað nýtt. — Sjálfur meistarinn tók afstöðu á móti sporgöngumönnum sínum og

hugsunarhætti þeirra, um leið og hann sagði: „Þegar ég uppgötvaði „Ready Made“, hugðist ég gera uppreisn gegn fagurfræðilegu skrani. Í „neo-dada“ hins vegar nota þeir „Ready Made“ til að uppgötva fagurfræðileg gildi. Ég henti flöskuburrkaranum og klósettskálinni í andlit fagurfræðinni, en nú dást menn að þessu sem fagurfræðilegri listsköpun.“ Hér

hitti hann naglann á höfuðið, því að í dag rambast menn líkt og rjúpa við staur við að sanna, að hin fánægustu uppátæki séu gild list og að hlutir, sem eiga ekkert skylt við myndlist, en allt, er áður hefur verið skapað, tómur misskilningur. Meistari Matisse sagði eitt sinn, að ef til væri vottur af frumleika í manni, kæmi hann fyrr eða síðar fram — óþarfi væri að hafa áhuggjur af því — einungis vinna og vinna.

Ný kynslóð með „nýlist“ hefur haft endaskipti á þessum orðum meistarans og auk þess tekist að komast eins langt í burt frá hugsunarhætti frumkvöðlanna (Duchamps og félaga) og hugsast getur, og í sumum tilvikum er það einmitt það,

